




Vinaklúbbur í Laugarseli

Klúbbastarf með áherslu á félagsfærni,
samskipti og vináttupjálfun barna

Þóranna Bjartey




Hvað er vinaklúbbur?

- Námskeið fyrir börn í vináttuþjálfun, félagsfærni og samskiptum. Námskeiðið er innleitt inn í frístundarstarf í gegnum vikulegt klúbbastarf.
- Klúbbur þar sem unnið er með að efla sjálfstraust barna og að breyta neikvæðum samskiptum í jákvæð samskipti.

Hugmyndavinnan og markmið

Innblásturinn

- Bókin 7 venjur til árangurs - Kennir lesanda að taka ábyrgð á eigin hegðun og efla jákvæða eiginleika sem færa mann nær markmiðum sínum.



Markmið

- Valdefla börnin fyrst og fremst sem einstaklinga. Hjálpa þeim að vera örugg í sjálfum sér til þess að ná árangri í samskiptum.
- Auka sjálfstraust, samskiptafærni, félagsfærni og breyta neikvæðri hegðun í jákvæða.
- Mikið pepp og mikil gleði!

Umgjörð klúbbsins

Vinahringur

1

- Börnin svara spurningum dagsins. Tvær spruningar, önnur þeirra með fókus á að þau fái að segja frá lífi sínu og hin sem tengist vináttuþjálfun og skapar umræðu. Þetta er góð æfing fyrir þau í hlustun, tjáningu, samskiptum og að bera virðingu fyrir hvort öðru.

Verkefni/leikir

2

- Breytilegt eftir skiptum.
- Getur verið skrifleg verkefni, samvinnuleikir, markmiðasetning, leiklistaleikir, orðaleikir, föndur, hæfileikasýningar, umræðuhópar, bókalestur og margt fleira.

Hreyfipása/danspartý

3

- Eftir verkefnið er tilvalið að taka smá danspartý og spila stuðlag í botni. Við spilum alltaf lagið Dansa og bánsa, sem varð ákveðið þemalag klúbbsins.

Vinahringur

4

- Við endum alltaf á því að fara þakklætishring og segja hvað gladdi okkur í dag. Síðan tökum við hróshring og stuttan hvísluleik í lokinn þar sem orðið er uppbyggilegt orð sem tengist vináttu og félagsfærni.


Vinsæl verkefni

- Fallhlífin - samvinnuleikur
- Ég er einstakur
- Fjölskyldan mín
- Dagbók og markmiðasetning
- Jólagjöf frá mér til mín
- Hrósblöð/kort/miðar
- Vinaarmbönd
- Mjúkar hetjur
- Þakklætis hjörtu
- Hæfileikasýning
- Tilfinningaföndur
- Styrkleika bingó
- Umræðuhópar

Myndir úr Vinaklúbbnum



Fallhlífin




Þakklætis hjörtu



Jólagjöf frá mér til mín


Myndir úr Vinaklúbbnum



Fjölskyldan mín





Mjúkar hetjur



Kærleiks kortagerð

Myndir úr Vinaklúbbnum



Ég er einstakur

Hvatningar orð í Laugarseli




Vinaklúbburinn hefur áhrif!

Það skapast alltaf góðar umræður í vinaklúbbnum okkar og boðskapur klúbbsins er að dreifa sér út í frístundarheimilið okkar. Til dæmis kom sú umræða upp hjá okkur að krökkunum fannst við eiga að vera með þema vikur reglulega þar sem þau ætluðu sér að vera svokallaðir peppstjórar Laugarsels og hvetja aðra krakka til þess að hrósa, hvetja hvert annað áfram og vera jákvæð.

Við erum búin að sjá framfarir í tjáningu, samskiptum, félagsfærni og vináttufærni hjá börnunum sem mæta í vinaklúbbinn okkar.

Einnig höfum við séð mikla breytingu á börnum sem eru með lítið sjálfstraust, þau eru orðin öruggari með sig og þora frekar núna að taka á skarið og tala við önnur börn.

Við sjáum líka neikvæða leiðtoga breytast í jákvæða leiðtoga og eiga þau börn auðveldara með að setja sig í spor annara en þau gerðu áður.



Takk fyrir mig!

Ert þú búin að hrósa einhverjum í dag?

Eða hrósa sjálfum þér?

Ef ekki, þá mæli ég hiklaust með því þú mikli
meistari!

